



Frá Arne Sköldén, Michelin Nordics AB

Hermann Elí Hreinsson, N1

06 November 2015

## Varðandi öldrun hjólbarða

Ég vitna í handbók okkar um tæknileg mál :

Líftími vöru

Hjólbarðar eru úr mismunandi efnum. Hluti þessara efna eru byggðir á gúmmí, og eiginleikar þeirra efna breytast með tímanum. Fyrir hvern hjólbarða eru fjölmargir þættir sem hafa áhrif á þessar breytingar, t.a.m. loftslag, geymsluaðstæður (hitastig, raki, staðsetning o.s.frv.), aðstæður við notkun (þungi faratækis, loftþrýstingur, skemmdir vegna ástands vega o.s.frv.) á líftíma dekkisins.

Þessir þættir í öldrun dekkja eru svo magvíslegir að útilokað er að spá um líftíma dekkis með nokkurri nákvæmni. Af þessum sökum er mælt með því að notendur, auk þess að fylgjast sjálfir með ástandi dekkja sinna, láti fagmenn reglulega kanna ástand þeirra. Fagmennirnir geta metið hvort að ráðlegt sé að nota dekkið áfram. Þeim mun eldra sem dekkið er, þeim mun líklegra er að það þurfi að skipa um dekk vegna öldrunar eða annars.

Sem varúðarráðstöfun mælir Michelin með því að dekkjum sé skipt út þegar þau eru orðin tíu ára, jafnvel þó að dekkið líti vel út og að það sé innan marka laga um slit. Þessi tíu ár eru reiknuð frá dagsetningunni í DOT merkingunni.

VTI, sem er sænska vega og umferðarrannsóknarstofnunin hefur samkvæmt beiðni frá STRO, skandínvísku dekkja og felgu samtökunum gert prófanir þar sem þriggja ára gömul vetrardekk eru borin saman við ný dekk. Í ljós kom að enginn marktækur munur er á frammistöðu þessara dekkja í hálku ef dekkinn hafa verið geymd við réttar aðstæður (svalt og dimmt).

Michelin álítur dekk sem hefur verið geymt við réttar aðstæður nýtt þar til það er fimm ára gamalt.

Virðingarfyllst

Arne Sköldén

Customer Engineering Support  
Michelin Nordic AB

MICHELIN NORDIC AB

Box 47175  
SE-100 74 STOCKHOLM  
Årstaängsvägen 11, 5 tr.  
SWEDEN  
Tel. +46 (0)8 709 07 00  
www.michelin.com

Styrelsens säte : Stockholm organisationsnr. 5560255266